



Stóra tréð

Hlusta

Í hjarta hins dularfulla töfraskógar,
innan um laufblöð og glitrandi
sólargeisla, stóð stórt og gamalt tré.
Þetta tré var ekkert venjulegt tré. Það
var heimili líflegs samfélags lítilla álfa.
Binni, Bobbi og Bibbi voru þrír hressir
og duglegir álfar sem bjuggu í þessu
merka tré ásamt fjölskyldum sínum.

Trjáhúsið þeirra stóð hátt uppi og bar
vott um handverk álfanna og ást á
heimili sínu. Þeir höfðu búið til notalegt
heimili og prýtt það blómum, ljóskerum
og fallegum töframunum sem þeir
höfðu safnað saman úr ævintýrum
sínum.



Binni, hinn hugrakki álfur, var leiðtogi þremenninganna. Með glampa í augum kom hann oft með hugmyndir að spennandi leikjum og áskorunum fyrir vini sína. Bobbi var forvitni álfurinn, hafði hæfileika til að afhjúpa leyndardóma og finna falda fjársjóði í skóginum. Bibbi, hinn mildi og góðhjartaði álfur, hafði einstaka hæfileika til að hlúa að plöntunum og dýrunum sem voru í kringum tréð þeirra.



Lífið var friðsælt hjá álfunum þar til daginn sem fréttir bárust af illum galdramanni sem reyndi að fanga álfa. Galdrakarlinn, þekktur fyrir kraftmikla og ógnvekjandi galdra sína, hafði heyrt um eftirsóttan töframátt álfanna sem gæti veitt honum ólýsanlegan kraft.

Áfarnir óttuðust um öryggi sitt og töfra tréhúss síns. Áfarnir söfnuðust saman til að ræða yfirvofandi ógn. Ákveðnir í að vernda heimili sitt og að láta ekki töframátt sinn falla í rangar hendur voru þeir sammála um að standa saman gegn vonda galdramanninum.

Þeir vissu ekki að þeirra biði allskyns áskoranir, óvænt kynni við töfraverur og margt fleira. Þeir hittu allskyns verur

sem voru tilbúnar til að aðstoða þá að efla töframátt sem myndi koma sér vel í baráttunni við vonda galdramanninn.

Og svo hófst ævintýri þeirra í leit að verndartöfrum til að verja heimili sitt fyrir galdramanninum. Þeir vissu að marga góða verndartöfra var að finna í töfraskóginum.

Þegar sólin settist, fundu álfarnir stað til að hvílast. Áður en þeir sofnuðu hétu þeir því að horfast í augu við allar þær hættur sem biðu þeirra.



Fréttir um vonda galdramanninn fór eins og eldur í sinu um töfraskóginn og ekki leið á löngu þar til álfarnir komust að því að þeir voru ekki einir í baráttu sinni við hann. Á leið þeirra Binna, Bubba og Bibba um skóginn að leit að verndartöfrum kynntust þeir öðrum töfraverum sem líka voru að undirbúa sig fyrir áras vonda galdramannsins. Þau voru himinlifandi og gengu í lið með Binna, Bubba og Bibba.

Saman héldu þau djúpt inn í hjarta skógarins með töfrandi hvísli trjáanna að leiðarljósi. Á glæfracör sinni tókust þau á við ógnvekjandi áskorarnir sem reyndu á hugrekki þeirra. M.a. mættu þau svikum villidýrum sem voru undir álögum vonda galdramannsins.



Loksins komust þau að leynistað inn á milli trjáanna. Þetta var lítil uppspretta með tæru vatni sem glitraði þegar það streymdi upp úr lindinni. Það minnti helst á fljúgandi glimmer í allskonar litum sem varð að töfraregnboga.

Álfarnir og hinar verurnar drukku úr töfralindinni og þau fylltust ólýsanlegri töfraorku sem gerði þau sterkari og töfra þeirra öflugri.

Þau fylltu á alla brúsa og flöskur sem þau höfðu með sér.

Þau héldu nú í áttina heim. Eftir langa göngu án hvíldar voru Binni, Bubbi, Bibbi og töfraverurnar komin að stóra trénu. Þar biðu þeirra allir hinir álfarnir

auk talandi einhyrnings, fljúgandi
froskar og tveir kentárar.

Félagarnir voru fljótir að gefa öllum að
drekka vatnið úr töfralindinni og brátt
ljómaði þessi partur skógarinns í
fallegu regnbogaljósi.

Það leið ekki á löngu þar til að vondi
galdramaðurinn kom. Á undan honum
voru alls kyns ógeðslegar ófreskjur
sem slefuðu svörtu, seigu slími. Við
hvert fótspor ófreskjanna og
galdramannsins visnuðu blóm og
gróður sölnaði.

Álfarnir og töfraverurnar bjuggu sig undir stóran galdrabardaga. Þetta yrðu hörð átök á milli hins góða og vonda.

Með töfrum sínum gátu álfarnir leyst úr læðingi töfrageisla og hjúpað vini sína skjöldum úr ljósi. Fljúgandi froskarnir gátu flogið yfir svæðið og njósnað um óvininn. Kentárarnir hlupu mjög hratt með net í höndunum. Einhyrningarnir gátu skotið geislum með hornum sínum.

Vondi galdramaðurinn, knúinn áfram af valdagræðgi sinni, hóf bardagann af grimmd sem skók skóginn. Dökkir galdrar hans fléttuðust um loftið, vörpuðu skugga á litríka töfra skógarinns.

En álfarnir voru tilbúnir og með einbeitingu töfruðu þeir fram verndarskjöld. Einhyrningarnir skutu regnbogageislum á ófreskjurnar sem voru búnar að brjóta sér leið í gegnum verndarskjöldinn og æddu í áttina að álfunum. Eftir nokkur vel miðuð skot frá einhyrningunum gufuðu ófreskjurnar upp.

Fljúgandi froskarnir sveimuðu yfir trén og fyldust með vonda galdramanninum. Vondi galdramaðurinn var ekki á þeim buxunum að gefast upp.



Hann sveiflaði höndum og framkallaði öflugan eldgaldur. Hann skaut eldboltum að stóra trénu. Það gaus upp eldur í laufum stóra trésins. Allir álfarnir tóku sig saman og framkölluðu vatnsgaldur til að slökkva eldinn sem fljótt slökknaði.

Það reiddi vonda galdramanninn, sem varð eldrauður í framan. Hann sveiflaði höndunum hátt í loftið og fór með ógnvekjandi galdrapulu. Það leið ekki á löngu áður en miklar drunur og þrumur heyrðust. Leiftrandi eldingum sló niður í skóginn með þeim afleiðingum að álfahópurinn og hinar töfra verurnar urðu að leita sér skjóls. Á meðan á þessu stóð voru fljúgandi froskarnir í samskiptum við kentárana og

leiðbeindu þeim hvernig best væri að handsama vonda galdramanninn sem var önnur kafinn að kalla á fleiri eldingar. Kentárarnir hlupu eins hratt og þeir gátu með netið á milli sín.

Á háréttu augnabiki og án þess að vondi galdramaðurinn tæki eftir þeim köstuðu þeir netinu yfir vonda galdramanninn og náðu á örskotsstundu að handsama hann. Binni, Bubbi og Bibbi hlupu í áttina til þeirra staðráðnir í að binda enda á galdra vonda galdramannsins.

Skógurinn nötraði þegar vondi galdramaðurinn rak upp reiðisöskur. Hann vissi að hann hefði tapað bardaganum. Net kentáranna var gætt

öflugum töfrum sem dró í sig allan töframátt vonda galdramannsinn og smátt og smátt dvínuðu kraftar og galdrar hans. Öskur hans hljóðnuðu og á endanum urðu þau að lágværu tísti eins og hann væri reið hagamús. Mikill svartur reykur blossaði upp með og lagði ösku frá honum. Þegar askan var fallin og reykurinn fokin burt tóku þau eftir því að vondi galdramaðurinn var horfinn. Það eina sem eftir var af vonda galdramanninum var svarta skikkjan hans.

Álfarnir og tréhúsið þeirra var öruggt. Þeir fögnuðu innilega með nýju vinum sínum. Þau höfðu staðið saman og sigrað sameiginlegan óvin.

Dagana á eftir fögnuðu álfarnir og vinirnir með veglegri veislu. Sögum var deilt, hlátur fyllti loftið og skógurinn ómaði af gleði.

Binni, Bubbi og Bibbi voru afar stoltir af afreki sínu. Þeir höfðu sameinast öðrum verum skógarins og í sameiningu björguðu þeir heimili sínu.

Þegar síðustu sólargeislarnir skinu í gegnum laufblöð Töfraskógarins, stóðu álfarnir saman á svölum trjáhússins og virtu fyrir sér fegurðina sem umlykur skóginn. Þeir vissu að sögu þeirra yrði minnst. Þeirra var sagan um litlu álfana

sem sigruðu öfluga og vonda
galdramanninn.

Og þannig lauk ævintýri álfanna í Stóra
trénu. Binni, Bubbi og Bibbi vissu að
þetta væri bara byrjunin og þeir
hlökkuðu til næsta ævintýris.



Galdra systurnar

Hlusta

Guðrún og Lilja, tvær systur með töfra í blóðinu, vöknuðu spenntar. Fyrsti skóladagurinn var loksins runninn upp! Skólinn þeirra var ekki bara einhver skóli heldur var þetta hinn virti Norna og galdramannaskólinn, skóli fyrir unga galdramenn og nornir. Foreldrar þeirra, norn að nafni Ragnheiður og galdramaður að nafni Kjartan, höfðu búið þau undir þessa stund allt þeirra líf.

Þegar sólin skein í gegnum gluggatjöldin, og varpaði hlýjum geislum inn í svefnherbergi þeirra,

spruttu Guðrún og Lilja fram úr rúmnum sínum. Galdrahundurinn, Lúkas, sem var tryggur félagi, dillaði skottinu í eftirvæntingu.

„Í dag er dagurinn, Lúkas!" hrópaði Guðrún og klóraði honum á bak við eyrun. „Við erum að fara í galdraskólann!"

Lilja kinkaði kolli og augu hennar voru stór af tilhlökkun. „Ég trúi því varla að þessi dagur sé runninn upp. Okkar eigin töfrandi ævintýri!"

Systurnar klæddu sig í flýti í nýju skólafötin. Efnið í skikkjunni var mjúkt eins og hús svifi yfir öxlum þeirra. Þær fóru niður til að finna foreldra sína sem

biðu í eldhúsinu, dýrindis morgunmatur var kominn á borðið.

„Góðan daginn elskurnar mínar“
heilsaði Ragnheiður, móðir stelpnanna.
„Eruð þið tilbúnar fyrir fyrsta daginn í
Norna og galdramannaskólanum?“

Guðrún og Lilja litu hvor á aðra og
svöruðu í kór: "Algjörlega!"

Kjartan faðir stelpnanna brosti stoltur.
„Þið eigið báðar stórfenglegt ferðalag
framundan. Munið að fara varlega með
hæfileikana og hafið í huga að þeim
fylgir mikil ábyrgð.“

Þegar þær voru búnar að borða
morgunmatinn og pakka niður fötum,

töfrabókum og töfrahlutum eins og töfrasprotanum og fleiru hélt fjölskyldan af stað í skólann. Inni í stórum skógi stóð hinn forni kastali sem hýsti Norna og galdramannaskólann. Kastalinn var hár og glæsilegur og skartaði turnum sem náðu til himins.

Þegar þær nálguðust glæsilega innganginn í kastalanum fundu Guðrún og Lilja fyrir tilhlökkun eins og þær væru með fiðrildi í maganum.

Hurðirnar að kastalanum opnuðust upp á gátt og við blasti stór gangur, iðandi af nemendum á öllum aldri, hver með sinn töfrasprota og töfrabækur.

Systurnar gengu inn í aðalsalinn. Þær undruðust hve risastór salurinn var. Þarna voru löng borð skreytt flöktandi kertum sem svifu yfir borðunum og fallegar blómaskreytingar sem bærðust í allar áttir. Það var eins og blómin væru lifandi og vildu fylgjast með því sem var að gerast. Gömul vitur norn, að nafni Unnur, stóð fremst í salnum, og leit yfir hópinn með ströngu augnaráði.

„Velkomin ungu nornir og galdramenn!“ Rödd Unnar, full af hlýju, ómaði um salinn. „Þið eruð að stíga ykkar fyrstu skref í að verða að voldugum nornum og galdramönnum. Þið munuð uppgötva krafta ykkar, á

næstu mánuðum. Þessa krafta munuð þið nýta til ykkar síðasta dags."

Þegar skólastjórinn hélt áfram ræðu sinni fundu Guðrún og Lilja að þær tilheyrðu þessum skóla og að þær væru hluti af einhverju stærra. Þær litu á hvor aðra og vissu að ævintýri þeirra voru rétt að byrja.

Með hjörtu full af tilhlökkun tóku systurnar sér sæti meðal samnemenda sinna. Þær voru tilbúnar að læra dularfulla galdra, töfraseiða og allskyns álög. Þær vissu ekki á þessari stundu að þær myndu hitta talandi einhyrninga, fljúgandi dreka og dansandi álfa. Verur sem áttu bara heima í ævintýrabókum.

Dagar urðu að vikum og vikur að mánuðum. Guðrúnu og Lilju þótti mjög gaman í töfranámi sínu. Þær flýttu sér ákafar inn í hverja kennslustund og náðu tökum á flóknum álögum og töfraseiðum undir leiðsögn kennarana, Kjartans, Ragnheiðar og Unnar.

Systurnar stóðu frammi fyrir ýmsum áskorunum, bæði í töfrafræðum og persónulegum vandamálum. Guðrún gat stjórnað veðurfari og eldi og kallað fram vindhviður af nákvæmni. Lilja uppgötvaði að hún gat stjórnað tímanum, stöðvað hann, hægt á honum og jafnvel farið aftur í tímann og afhjúpað allskyns leyndardóma.

Skólavist þeirra var þó ekki hindrunarlaus. Í skólanum var afbrýðisamur bekkjarbróðir þeirra, Magnús að nafni, sem stöðugt var að gera þeim erfitt fyrir. Hann langaði í meðfædda hæfileika þeirra og öfundaði systurnar af því hversu hratt þær náðu tökum á hinum ýmsu göldrum.

Magnús reyndi oft að spilla fyrir þeim eða dreifa lygasögum um þær. En með Lúkas sér við hlið, tryggan fljúgandi félagaga þeirra sem bjó yfir mikklum hæfileika til að skynja hættu, tókst þeim systurum alltaf að sigla hjá Magnúsi ómeiddar.

Styrkur systranna fólst ekki aðeins í töfrum þeirra heldur líka í sterkum systraböndum þeirra. Guðrún og Lilja studdu og hvöttu hvor aðra, ást þeirra og systkinatengsl virkuðu sem skjöldur gegn óvinum þeirra.

Þegar leið á skólaárið nálgast hið mikla töframót. Það var viðburður þar sem nemendur sýndu færni sína og kepptu um titilinn eftirsótt, Töfrasprotameistarinn. Guðrún og Lilja ákváðu að taka þátt, áhugasamar um að sanna sig og sýna galdra sína í verki.

Mótið samanstóð af ýmsum áskorunum sem reyndu á töfrahæfileika þeirra, gáfur og

teymisvinnu. Haldin voru einvígi, þar sem tveir keppendur mættust og áttu að kalla fram einn árásargaldur og einn verndargaldur. Sá sem náði höggi fram hjá verndargaldrinum vann einvígið. Einnig þurftu keppendur að leysa flóknar þrautir þar sem samvinna og gamlar galdrapular komu sér vel. Samnemendur systranna urðu hrifin af galdrakunnáttu þeirra og samvinnu.

Að lokum voru það Guðrún og Lilja sem komust í úrslit. Þeir mættu hvor annarri. Loka einvígið var haldið fyrir utan kastalann. Allir nemendurnir voru búnir að koma sér fyrir hringinn í kringum einvígisvöllinn, þær máttu nota tvo galdra, árásargaldur og verndargaldur, og sá sem sigraði

einvígið tvisvar í röð stóð uppi sem sigurvegari. Með mikilli einbeitingu kallaði Guðrún fram árásgaldur. Hún sveiflaði sprotanum sínum og úr honum skaust bleikt og skært ljós, en Lilja var sneggri til og kallaði fram verndargaldur sem stoppaði bleika ljósið. Um leið sveiflaði hún sprotanum sínum og kallaði fram eldingarárás með þeim afleiðingum að Guðrún féll aftur fyrir sig en meiddi sig ekki neitt. Eftir mikil fagnaðarlætti stóð Guðrún aftur á fætur og bjó sig til að gera árás. Lilja tók eftir því og var snögg að gera snjóbolta árásgaldur á systur sína. Þá sendi Guðrún eldlínuarárás sem bræddi snjóboltann auðveldlega og hitti öxl Lilju með þeim afleiðingum að hún hringsnérist og datt á jörðina.

Guðrún glotti lítið eitt þegar nemendurnir klöppuðu fyrir snjöllu bragði Guðrúnar. Nú voru þær jafnar með einn sigur hvor.

Það lak sviti niður kinnar systranna og einbeitingin skein úr augum þeirra. Á nákvæmlega sama augnabliki sveifluðu þær sprotum sínum og þær gerður öflugan árásargaldur. Það skutust geislar út úr sprotunum. Úr Guðrúnar sprota kom eldgeisli og úr Lilju sprota kom blár geisli. Þegar geislarnir mættust brast á mikill hvellur og jörðin skalf. Geislarnir vöfðust um hvor annan og hraunslettur spýttust niður á jörðina. Kennararnir urðu furðu lostnir og trúðu varla sínum eigin

augum. Þau höfðu aldrei séð neitt þessu líkt.

Að lokum áttuðu systurnar sig á því að þær gætu ekki unnið hvor aðra og samtímis lögðu þær sprota sína niður. Eftir mikinn hávaða og sjónarspil sló þögn á hópinn. Allir nemendur og kennarar stóðu agndofin og enginn sagði neitt. Guðrún stakk upp á jafntefli við systur sína. Þetta var í fyrsta skipti í sögu skólans að jafntefli væri dæmt eftir loka einvígið og tvær jafn sterkar nornir stóðu uppi sem sigurvegarar.

Þær áttuðu sig á því að sannur sigur felist ekki í að sigra hver aðra heldur í ást og systraböndum sem stuðla að sameiginlegum styrk.

Meðan fagnaðarlæti nemandana ómuðu um völlinn stóðu Guðrún og Lilja hlið við hlið, sameiginlegir sigurvegarar. Skólastjórinn kom og gaf þeim verðlaunagrip. Þetta var gullstytt af hendi haldandi á töfrasprota.

Dagarnir liðu og ekki leið á löngu þar til að skólaárinu lauk og sumarfrí hófst.

Töframenntun þeirra hafi mótað þær í sterka, örugga einstaklinga. Þær voru tilbúnar að takast á við heiminn handan kastalans en vissu samt að þær ættu margt ólært. Með ferðatöskunar sínar í hendi kvöddu þær kennarana sína og vini og innan

skamms komu foreldrar þeirra og sóttu þær.

Þegar systurnar voru komnar heim hjálpuðu þær foreldrum sínum með húsverkin. Stundum notuðu þær galdra til að taka til sem gladdi móður þeirra um leið og hún rifjaði upp þegar hún sjálf fór í galdraskólann í fyrsta skipti.

Á kvöldin sögðu foreldrar þeirra sögur af fornum álögum og dularfullum galdragripum sem leyndust inni í skóginum þar sem skólinn var. Guðrún og Lilja hlustuðu með athygli á hvert orð og fundu hvernig forvitninn óx innra með þeim. Þær hlökkuðu til að fara aftur í skólann í haust.

Þetta er fyrsta sagan um
galdrasysturnar Guðrúnu og Lilju, í
næsta mánaði kemur ný saga um
systurnar.